

Miðvikudaginn 29. nóvember 1967.

Nr. 25/1967. **Lilja Sigurðardóttir** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna

(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.)

og

Ásgeiri M. Ásgeirssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir **Gizur Bergsteinsson**, **Benedikt Sigurjónsson**, **Jónatan Hallvarðsson** og **Logi Einarsson** og prófessor **Theodór B. Lindal**.

Um rétt til happdrættisvinnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1967 og krafizt þess, að aðalstefnda, en til vara varastefnda, verði dæmt að greiða henni kr. 500.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júlí 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hvor hinna stefndu krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi gegn eindregnum mótmælum vara-stefnda, Ásgeirs M. Ásgeirssonar, fært sönnur fyrir því, að varastefndi hafi skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til að endurnýja með sjálfs sín fé, þá er því væri að skipta, happdrættismiðann nr. 64280, sem áfrýjandi hafði tekið í happdrætti aðalstefnda og í málinu getur. Þá er dregið var í 3. flokki happdrættis aðalstefnda hinn 3. júlí 1965, hafði nefndur happdrættismiði tvívegis verið óendurnýjaður. Að svo vöxnu máli verður þegar af nefndum sökum að taka kröfur hinna stefndu um sýknu til greina og staðfesta héraðsdóm-inn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Lilja Sigurðardóttir, Bræðraborgarstíg 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 2. marz 1966, gegn fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík vegna Happprættis D.A.S., Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og til vara Ásgeiri M. Ásgeirssyni, Sjóbúðinni við Grandagarð í Reykjavík, til greiðslu á kr. 500.000.00 auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Bæði aðalstefndi og varastefndi krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt heimild í lögum nr. 71/1954, sbr. lög nr. 17/1956 og lög nr. 52/1963, er hér á landi rekið svonefnt Happprætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Er það aðalstefndi í máli þessu. Ágóði af happprætti þessu á að renna í byggingarsjóð aldraðs fólks, en 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en vissar undanþágur frá því ákvæði eru engu að síður heimilaðar. Nánari ákvæði um framangreint happprætti eru í reglugerð nr. 41/1956, sbr. reglug. 8/1960, 53/1963 og 60/1964, sem birt hefur verið í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt henni fer svonefnt fulltrúaráð sjómannadagsins með yfirstjórn happprættisins. Atvinnumálaráðuneytið skipar hins vegar þriggja manna happprættisráð, sem hefur eftirlit með starfsemi happprættisins og eftirlits- og úrskurðarvald um drætti, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerðinni. Happprættið gefur árlega út tiltekinn fjölda tölusettra happprættismiða, hlutamiða, í 12 flokkum. Er dregið mánaðarlega í hverjum flokki, í 1. flokki 3. maí og síðan 3. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag. Þó skal í janúarmánuði ár hvert dregið um vinninga hinn 8. þess mánaðar eða næsta virkan dag, ef þann dag ber upp á helgidag. Unnt er að kaupa happprættismiða í öllum flokkunum 12 samtímis, svonefndan ársmiða, sem á þeim tíma, er hér skiptir máli, kostaði 720.00 krónur, eða miða, sem greiða á fyrir drátt í hverjum flokki, „endurnýjunarmiða“, og kostaði „endurnýjun“ kr. 60.00. Þótt síðarnefndur háttur sé á

hafður, heldur viðkomandi sama miðanúmeri. Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann auk verð hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

Miðar eru seldir á skrifstofu aðalstefnda og auk þess hjá umboðsmönnum aðalstefnda víðs vegar um land. Meðal umboðsmanna aðalstefnda er varastefndi í máli þessu, Ásgeir M. Ásgeirsson, sem rekur verzlun við Grandagarð hér í borg og nefnist Sjóbúðin. Eru happdrættismiðar seldir þar. Stefnandi máls þessa, Lilja Sigurðardóttir, keypti á sínum tíma miða í hinu stefnda happdrætti hjá varastefnda. Ber miði þessi númerið 64280. Í skýrslu hér fyrir dómi hefur varastefndi sagt, að stefnandi hafi haft þennan miða „þetta á annað ár“, og virðist þar eiga við, að stefnandi hafi keypt miðann í fyrsta sinn í 1. flokki árið 1964. Stefnandi hefur skýrt svo frá í skriflegri aðiljaskýrslu sinni, sem hún hefur staðfest fyrir dómi, að hún hafi átt miða þennan í nokkur misseri. Eigi segist hún hafa fengið neinar tilkynningar eða leiðarvísa frá happdrættinu um það, hvernig því væri hagað, en hins vegar hafa vitað, að dregið væri í hverjum mánuði. Kveðst stefnandi hafa látið þess getið við varastefnda, þegar hún keypti miðann, að það væri eins víst, að hún gleymdi að endurnýja miðann, þar sem hún hefði svo mikið að hugsa. Hafi varastefndi þá svarað því til, að það hefði ekkert að segja, hann skyldi passa það fyrir hana. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað til, að til þess væri ætlað af viðskiptamönnum aðalstefnda, að þeir endurnýjuðu miða sína mánaðarlega, enda hafi hún talið ljóst af viðskiptum og viðræðum við varastefnda, að það mætti dragast. Hafi hún aldrei hringt í Sjóbúðina og beðið um, að miði sinn yrði frá tekinn.

Stefnandi skýrir enn fremur svo frá m. a., að hún og varastefndi séu góðir kunningjar og hafi hún oft komið í búðina til hans. Hún sé húsmóðir, en á netjavertíðinni vinni hún oft hjá manni sínum í verbúð nr. 10 á Grandagarði. Komi hún fremur sjaldan í Sjóbúðina, þegar hún sé ekki við vinnu niðri á Grandagarði. Stundum hafi varastefndi þó leitað til hennar, þegar hún átti leið fram hjá búðinni, og sagt henni frá því, að einhver mannanna á bát þeim, sem maður hennar eigi, hafi látið skrifa hjá sér og spurt, hvort hún mundi ekki borga fyrir þá. Hafi hún þá stundum komið og gert það, þótt hún teldi sér það ekki skylt. Stefnandi segir, að varastefndi hafi aldrei af

fyrri bragði gefið henni „vink“ um, að hún ætti eftir að endurnýja, og kemur það heim við framburð varastefnda. Kveðst hún lítið hafa fylgzt með happdrættinu, en hún hafi yfirleitt grennslegt fyrir um, hvernig stæði með endurnýjunina, þegar henni fannst langt um liðið frá síðustu endurnýjun. Hafi endurnýjun oft farið fram á eftir „og oft dregið í tvo mánuði“, svo sem í skriflegri aðiljaskýrslu hennar segir, en hér fyrir dómi hefur hún látið að því liggja, að stundum hafi endurnýjun dregið í tvo til þrjá mánuði. Segist stefnandi muna sérstaklega, að í einu slíku tilfelli hafi hún fengið sömu svör og áður hjá varastefnda. Hafi hún þá lagt dæmi fyrir varastefnda og sagt: „Hvað skeður, ef svo ólíklega vildi til, að vinningur kæmi á miðann og ég hefði ekki endurnýjað, fengi ég þá vinninginn?“ Hafi varastefndi þá svarað: „Já, auðvitað“, en hún þá enn spurt: „Hvernig má það ske?“ Hafi varastefndi þá svarað: „Ég endurnýja fyrir þig, ég geri það fyrir svo marga, og þú mátt treysta mér“. Telur stefnandi, að samtal þetta hafi átt sér stað á netjávartíðinni í fyrri, en þá hafi hún verið að vinna niðri á Grandagarði. Stefnandi kveðst ætíð hafa fengið miðana, þegar hún endurnýjaði eftir á, jafnvel þó að það hafi dregið í 2—3 mánuði.

Í aðiljaskýrslu varastefnda, sem lögð var fram undir rekstri málsins og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir m. a. svo: „Ég neita því eindregið, að ég hafi nokkurn tíma lofað henni (þ. e. stefnanda) að sjá um endurnýjun á miðanum, enda alger óþarfi fyrir hana að biðja um slíkt, þar sem hún átti leið framhjá „Sjóbúðinni“ daglega umrædda mánuði og kom oft dag eftir dag inn í búðina í verzlunarerindum“. Heldur varastefndi því jafnframt fram í þessari skriflegu skýrslu sinni, að við endurnýjun til 1. flokks í maí 1965 hafi stefnandi haft orð á því, að hún endurnýjaði til að byrja með fyrir 1. flokk, hvað sem síðar yrði. Hér fyrir dómi hefur varastefndi sagt, að hann myndi þetta vegna þess, að stefnandi hefði sagzt ekki mundu endurnýja fyrir son eða syni sína, og þá haft þetta jafnframt á orði. Í sama réttarhaldi segist varastefndi „ekki minnst þess, að hann hafi lofað stefnanda sérstaklega að sjá um miðana fyrir hana. Enda sé svarið alltaf það sama, að ef viðkomandi komist ekki til að endurnýja á tilskildum tíma, þá skuli hann hringja, þ. e. viðskiptavinurinn“. Enn fremur hefur varastefndi skýrt efnislega svo frá hér fyrir dómi, að miðar séu teknir frá hjá honum, ef hringt sé, rétt áður en dregið sé, og skoðist viðkomandi miði þá endurnýjaður, en endurnýjunina verði að greiða, áður en næst sé

endurnýjað. Þegar viðskiptavinurinn hringi, kveðst varastefndi biðja hann um að bíða andartak, nái í sérstakt umslag með miðum viðskiptavinarins í, en umslögin séu nákvæmlega „sorteruð“ eftir nöfnum í þar til gerðum tréstokk. Síðan segi hann við viðskiptavininn, að hann hafi umslagið í hendinni og sjálfsagt sé að taka það frá. Eftir símtalið setji hann umslagið síðan í sérstaka skúffu fyrir frátekna miða, óseldir og óendurnýjaðir miðar séu sóttir frá aðalumboðinu, áður en dregið sé, nema þeir hafi verið teknir frá. Komi miðar fyrir liðinn tíma ekki aftur, en næsti flokkur á eftir með sömu númerum. Í fyrrgreindri skriflegri aðiljaskýrslu sinni skýrir varastefndi frá þeirri undantekningu frá framangreindum reglum, að hann hafi lofað að bera ábyrgð á miðum í 30 umslögum, eign fjölskyldu hans og nánustu venzlamanna hans. Kveðst varastefndi hafa haldið miðum þessum alla tíð alveg sér og þeir verið endurnýjaðir á heimili hans. Hafi miði stefnanda aldrei hafnað í þessum flokki.

Er varastefndi og stefnandi voru samprófuð um það, hvort varastefndi hefði lofað að annazt endurnýjun miða stefnanda, kveðst varastefndi engu hafa við fyrri framburð að bæta, öðru en því, að hann færi eftir föstum reglum með þetta og segði viðskiptavinunum undantekningarlaust frá þessum reglum, nema um sérstakan samning væri að ræða og skrifi hann þá utan á umslagið „Frátekið allt árið“.

Varastefndi kveðst aldrei hafa tekið frá miða fyrir stefnanda, en stundum hafi dregið hjá henni að endurnýja. Segist hann minnast þess, að fyrir hafi komið, að hún endurnýjaði ekki í tvo mánuði, þ. e. fyrir tvo flokka. Hafi stefnandi þá fengið miða fyrir þann flokk, sem átti að draga í næst á eftir, en í stað hinna miðanna hafi hún ekkert fengið í hendurnar. Hafi hann rífið þá miða, sem stefnandi kom með, en þeir miðar, sem hún ekki fékk, hafi verið farnir niður í umboð. Engu að síður hefur varastefndi skýrt svo frá, að þeir, sem of seinir verði til að endurnýja og eigi fengið miða frá tekna, fái kvittun fyrir þá flokka, sem dregið hefur verið um, þegar þeir greiða miða fyrir næsta flokk, en greiða verði fyrir alla flokkana.

Bertína Andrésdóttir, sem vinnur hjá varastefnda í Sjóbúðinni, m. a. við afgreiðslu happdrættismiða, hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Hún skýrir m. a. svo frá, að miðarnir séu varðveittir í réttri röð í stokk og þeir, sem borgi og endurnýi, fái sína miða. Ef viðskiptavinur hringi, taki þau miðana frá og varðveiti sér, þar til þeir séu greiddir, a. m. k. á annan

mánuð. Miðar þeir, sem eftir séu í stokknum, séu sendir niður í aðalumboð. Kveðst hún stundum taka frá miða, þegar hringt sé, og leggi þá sjálft umslagið til hliðar. Aldrei kveðst hún hafa afgreitt nema tvo miða í einu til endurnýjunar, þ. e. a. s. miða úr tveimur flokkum. Segir hún enn fremur, að það eigi ekki að gerast, að maður fái afhentan miða úr flokki, sem dregið hefur verið í, nema því aðeins að hringt hafi verið og hann verið tekinn frá. Þó segir hún, að verið geti, að miðar séu skildir eftir í aðalstokknum einu sinni, án þess að hringt hafi verið og beðið um, að þeir yrðu teknir frá, þ. e. þeir séu geymdir óendurnýjaðir einn drátt, en síðan sendir niður í aðalumboð í næsta skipti, ef þá hafi eigi verið greitt. Í sambandi við síðastgreind atriði í framburði Bertínu tók varastefndi fram í réttarhaldi hinn 24. júní 1966, að mjög lítið væri um, að miðar væru teknir frá á þennan hátt. Ætti það sér einkum stað, ef einhverjir sérstakir viðskiptavinir hefðu um það beðið. Þá hefur Bertína sagt, að varastefndi hafi varðveitt heima hjá sér miða fyrir venzlafólk sitt.

Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri hins stefnda happdrættis, hefur m. a. skýrt frá á þá leið, að komist viðskiptamenn ekki í tæka tíð til að endurnýja miða sína, nægi þeim að hringja í viðkomandi umboð og fá þá miða sína frá tekna með fullum réttindum gegn því, að þeir komi og greiði endurnýjunargjald sitt, áður en dregið sé í næsta flokki á eftir. Kveðst hann hafa gefið umboðsmönnum fyrirmæli um, að taka mætti frá fyrir einn flokk gegn því, að greitt væri fyrir miðana í þeim flokki og næsta flokki á eftir, en jafnframt um að hafa ekki miða í ábyrgð happdrættisins í fleiri flokka. Hins vegar segir hann, að þess séu dæmi, að gerðir séu árssamningar milli aðalumboðsins og viðskiptavina. Hafi hann þá þann hátt á að rita á viðkomandi umslag „frátekið til árs“ og stafi sína við. Enn fremur skýrir Baldvin svo frá, að sá háttur sé á hafður í Reykjavík og nágrenni, þegar útdráttur fer fram, að sent sé eftir óseldum miðum til umboðanna. Bifreiðarstjórinn, sem aki milli umboðanna og taki óseldu og óendurnýjuðu miðana, eigi að koma í umboðin, eftir að þeim er lokað, og skila miðunum á skrifstofuna, rétt áður en dregið sé. Séu óseldir miðar í Reykjavík sóttir, ca. hálf tíma áður en dregið sé, en þá sé siður, að umboðin taki frá miða fyrir fasta viðskiptavini, er enn hafi eigi vitjað miða sinna, og geymi þá á eigin ábyrgð. Miðar þeir, sem eftir verði í umboðin í viðkomandi skipti, séu því að áliti happdrættisins í ábyrgð umboðs-

manns, þ. e. hann beri ábyrgð á greiðslu miðanna. Við skilagrein milli umboðsins og umboðsmanna fái umboðsmaður samt að skila þeim miðum, sem ekki hafi verið greiddir, en slík skilagrein fari oft fram fyrir tvo til þrjá drætti í einu. Segir mætti, að svari umboðsmaður því til, að viðkomandi miði sé í ábyrgð hjá honum, fái viðskiptavinurinn vinning þann, sem á sé fallinn, þó að hann sé eigi greiddur. Sé athugað fyrst, þegar vinningur falli á miða í umboði, hvaða miðar séu óseldir og óendurnýjaðir, þegar umboðsmaðurinn hafi svo svarað því, sé honum tilkynnt um vinninginn. Hefur Baldvin tekið fram hér fyrir dóminum, að ekki sé það alvanalegt, en komi þó oft fyrir, að hann fari í umboðin hér í Reykjavík, eftir að dregið hefur verið í happdrættinu, til að kynna sér, hvort allt sér þar í lagi. Geri hann þetta, þegar honum finnst hann ekki hafa nægar upplýsingar frá umboðinu. Baldvin kveður það koma alloft fyrir, að menn sem gleymt hafi að endurnýja, spyrji, hvort möguleikar séu til að fá vinning afhentan, en þeim sé ætíð sagt, að fyrst þeir hafi ekki endurnýjað á réttum tíma eða hringt til viðkomandi umboðs og beðið um, að miðar þeirra yrðu teknir frá, sé ekkert unnt að gera í málinu.

Svo sem áður hefur verið komið að, endurnýjaði stefnandi miða sinn til 1. flokks árið 1965. Kveðst hún ekki hafa endurnýjað í þessum flokki, ef hún hefði ekki ætlað að eiga miðann áfram. Í framangreindri skriflegri aðiljaskýrslu sinni heldur varastefndi því hins vegar fram, að stefnandi hafi haft orð á því við endurnýjun til 1. flokks, að hún endurnýjaði til að byrja með fyrir 1. flokk, hvað sem síðar yrði. Er dráttur fór fram í 2. og 3. flokki 1965, hafði stefnandi ekki innt af hendi greiðslur nema fyrir endurnýjun til 1. flokks. Þegar dregið var í 3. flokki, kom hæsti vinningur, kr. 500.000.00, á miða nr. 64280, en það var miði sá, sem stefnandi hafði á sínum tíma keypt og samkvæmt framan-sögðu greitt endurnýjun fyrir til 1. flokks 1965.

Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri aðalstefnda, hefur í skriflegu vottorði gert grein fyrir atvikum í sambandi við drátt í 3. flokki. Er það orðrétt á þessa leið:

„Þegar út var dregið í 3. fl. 1965—66, voru óseldir miðar úr Sjóbúðinni ekki allir komnir í okkar hendur. Fór ég því sjálfur í umboðið og sá þá, að viðkomandi miði, nr. 64280, hafði ekki verið endurnýjaður og ekki heldur í flokknum á undan, 2. fl. Umboðsmaðurinn, Ásgeir M. Ásgeirsson, var viðstaddur, þegar þetta gerðist, og spurði ég hann, hvort miði þessi væri frá tekinn,

en hann sagði svo ekki vera. Einnig lét ég sækja afgreiðslukonu þá, sem er í verzluninni, Bertínu Andrésdóttur, heim til hennar, en hún býr þar skammt frá, og spurði hana einnig, hvort nefndur miði væri frá tekinn, sem hún sagði ekki vera“.

Hér fyrir dómi hefur Baldvin enn fremur skýrt svo frá, að í umrætt skipti hafi verið byrjað að draga skömmu eftir hádegðið. Sé það venja sín að athuga, skömmu eftir að farið sé að draga, hvernig hæstu vinningar falli og fara þá og athuga, hvernig frá málum sé gengið í umboðunum. Á skrifstofu aðalstefnda sé skrá yfir númerin og hvort þau séu seld eða óseld og í hvaða umboði númerin séu. Hins vegar viti hann ekki, þegar hann fari í umboðin, hver eigi viðkomandi miða, en að því geti hann komið í umboðinu. Í umrætt sinn hafi verið sýnt, að hæsti vinningurinn hefði fallið á miða í umboðinu í Sjóbúðinni, en í skránni, sem færð sé á skrifstofunni, hafi hann séð, að viðkomandi miði hafði verið greiddur í fyrsta flokki, en ekki í öðrum, og hann þess vegna farið í umboðið til að gæta að miðanum. Liggur frammi í málinu ljósrit úr skránni. Hefur Baldvin tekið fram, að varastefndi hafi ætíð dálítið sína eigin háttu við frágang umboðsins og ekki hlýtt honum sem framkvæmdastjóra nákvæmlega. Baldvin skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi gætt í bókina hjá varastefnda og séð, að óendurnýjað var fyrir tvo flokka. Hafi varastefndi skoðað í tvo bunka, sem hann hafi haft í höndum, og miðinn verið í öðrum þeirra. Eigi kveðst Baldvin vita, hvað hvor bunki átti að þýða, en álíta, að bunkinn, sem miðinn var í, hefði átt að fara niður eftir. Eigi kveðst Baldvin muna sérstaklega, hvort óseldir miðar og óendurnýjaðir hafi verið teknir úr þessu umboði, en álíta, að það hafi verið gert þarna eins og venjulega og vísar í því sambandi til bróður síns Helga, sem því starfi sinni. Telur Baldvin, að framangreindur bunki hafi verið frá tekinn í öðrum flokki. Ef vinningur hefði fallið á miða stefnanda við annan drátt, segir Baldvin, að svar umboðsmannsins hefði skipt miklu máli um það, hvort hún hefði fengið vinninginn eða ekki, þar eð að þeirra áliti skipti miklu, hvort dregið hafi að endurnýja einn eða fleiri flokka.

Bertína Andrésdóttir, sem fyrr er getið um, hefur ritað á framangreint vottorð Baldvins Jónssonar á dskj. nr. 17, sem tekið hefur verið orðrétt upp hér að framan, að hún staðfesti það sem rétt. Hér fyrir dómi hefur hún skýrt svo frá, að bróðir Baldvins Jónssonar, sem aki hjá D.A.S., hafi komið heim til hennar laugardaginn 3. júlí 1965 og sótt hana, en áður hafi varastefndi verið

búinn að hringja. Þegar hún hafi komið niður eftir, hafi varastefndi sagt henni, að vinningur hefði fallið á miða stefnanda. Hafi Baldvin Jónsson einnig verið þarna viðstaddur. Hafi henni verið sagt þarna niður frá, að miðinn hefði ekki verið borgaður, en ekki hafi hún verið að því spurð, hvort hún hefði tekið þennan miða frá. Kveðst Bertína aldrei hafa tekið frá miða fyrir stefnanda og ekki geta svarað því, hvort varastefndi hafi nokkru sinni gert það. Eigi segist hún vita, hvers vegna hún var kölluð niður eftir, og ekki geta sagt frekar um, hvað þar fór fram.

Helgi Einarsson, bifreiðarstjóri hjá aðalstefnda, sem er bróðir framkvæmdastjórans, Baldvins, kom fyrri sinni til skýrslugjafar hér fyrir dómi hinn 24. maí 1966. Sagðist honum þá m. a. svo frá, að hann sækti miðana í umboðin þá daga, sem dregið er. Næði hann yfirleitt í miðana, ca. hálf tíma áður en dregið væri, og væru miðarnir alltaf komnir í umbæðin, áður en dráttur færi fram. Fyrrgreindan laugardag hefði hann verið búinn að sækja miða í öll umboð, er dregið var. Hefði hann náð í miðana í Sjóbúðina um hádegisleytið, en draga hefði átt um eittleytið, að því er hann minnti. Hefði það verið varastefndi, sem afhenti honum miðana. Síðan kvaðst hann hafi komið aftur í Sjóbúðina seinna þennan sama dag með Baldvini Jónssyni til að athuga miða, sem upp höfðu komið. Hefði Baldvin fyrst talað við varastefnda einn, en hann beðið í bílnum. Hefði varastefndi síðan sent hann eftir konu þeirri, sem í búðinni vinni, Bertínu að nafni, og hefði hann náð í hana. Skýrði Helgi loks svo frá í réttarhaldi þessu, að hann hefði ekki farið inn í verzlunina, þegar hann kom aftur með konuna, en hann minntist þess þó ekki glögglega. Hefði hann síðan ekið Baldvini niður eftir, en ekki hefði hann rætt neitt við sig um það, sem á seyði var.

Varastefndi, Ásgeir M. Ásgeirsson, hefur ritað á framangreint vottorð Baldvins á dskj. nr. 17, að hann staðfesti það rétt. Einnig hefur verið lögð fram í málinu skrifleg aðiljaskýrsla hans, dskj. nr. 19. Varastefndi kom fyrir dóm til skýrslugjafar í fyrsta sinn hinn 10. maí 1966. Hann skýrir þá svo frá m. a., að það skipti, sem hér um ræðir, hafi verið á laugardegi. Hafi hann verið lasinn og farið heim eftir að vera búinn að taka til óseldu og óendurnýjuðu miðana, sem bílstjóri, sem safni saman miðunum fyrir D.A.S., átti að taka. Hafi hann lokað og farið heim, því að klukkan hafi verið orðin eitt og kominn lokunartími sölubúða. Síðan hafi Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri D.A.S., komið með bílstjóranum, sem alltaf kom og náði í miðana, heim til hans

og fengið hann með sér niður í búðina. Eigi mundi mætti við yfirheyrslu þessa, hvenær dagsins þetta var, og taldi sig ekki vita, hvort þá hefði verið dregið í happdrættinu, en Baldvin hefði þá tekið þá miða, sem óseldir voru og óendurnýjaðir. Þegar hér var komið skýrslugjöf varastefnda í þessu réttarhaldi, var honum lesið dskj. nr. 17, sem að framan greinir. Tók hann þá fram, að hann minntist þess, að Baldin hafi tekið „bókina“, þar sem varastefndi segir, að merkt sé við þá miða, er hafi verið endurnýjaðir, og hann nefnir hlutamiðabók, og gluggað í hana, en ekki kvaðst varastefndi minnst þess fyrir víst, hvort hann lét einhver orð falla um stefnanda eða spurt eitthvað út í hennar miða. Þegar hér var komið, var varastefnda sýnt vottorðið á dskj. nr. 17, og kannaðist hann við að hafa undirritað það, en sagði, þegar hann hafði gluggað í skjalið, „að hann muni ekki eftir þessu“.

Í réttarhaldi hinn 24. júní 1966 voru varastefndi og Helgi Einarsson, sem fyrr greinir, samprófaðir og inntir frekar eftir ýmsum atriðum í sambandi við afhendingu þeirra miða, sem töldust óseldir og óendurnýjaðir laugardaginn 3. júlí 1965. Sagði varastefndi þá, að það hefði rifjast upp fyrir sér, eftir að hann gaf skýrsluna hér fyrir dómi hinn 10. maí 1966, að bifreiðarstjórinn frá aðalstefnda hefði komið rétt fyrir hádegis. Hefði þá verið mjög erilsamt, eins og alltaf væri, þegar síðasta dag endurnýjunar bæri upp á laugardag. Hefði hann ekki verið búinn að taka til óseldu og óendurnýjuðu miðana að öllu leyti. Hefði hann þá látið bifreiðarstjórann fá það, sem hann var búinn að taka úr umslögunum og frá, til þess að senda niður eftir. Kvaðst varastefndi ekki muna eftir því, að hann hefði látið einhver orð falla við bifreiðarstjórann, að einhverjir af óseldu og óendurnýjuðu miðunum væru eftir. Ekki mundi Helgi heldur til þess, að varastefndi hefði látið einhver orð um það falla, og tók fram í því sambandi, að ef einhver kæmi inn til að endurnýja eða kaupa nýja miða, eftir að hann væri búinn að taka miða úr umboðunum, væri hringt í aðalumboðið og það tilkynnt, til að fólk héldi réttindum sínum. Enn fremur skýrði Helgi svo frá í þessu sama réttarhaldi, að venjulega væri búíð að ganga frá óseldum og óendurnýjuðum miðum, þegar hann komi í umboðin, en einstaka sinnum hefði ekki verið búíð að pakka þeim inn og hefði hann þá beðið eftir því. Loks sagði Helgi í réttarhaldi þessu, að það hefði aldrei komið fyrir, að hann hefði verið sendur aftur eftir óseldum og óendurnýjuðum miðum.

Í síðastgreindu þinghaldi í málinu skýrði varastefndi enn fremur

svo frá, að honum hefði þótt rétt að kalla Bertínu í Sjóbúðina, þar sem þau hefðu orðið að skilja við happdrættið í flautri um morguninn, og láta hana vera viðstadda þarna, er Baldvin var að skoða bókhaldið, og frekar aðspurður sagði hann, að henni hefði hlotið að hafa verið sagt, að einhver „diskussion“ væri um miðana. Enn fremur kvaðst hann telja, að Baldvin hefði sagt þeim, þegar þau skildu, að vinningur hefði fallið á miða stefnanda. Er varastefndi var frekar eftir þessu inntur, kvað hann Bertínu að sjálfsögðu hafa verið tjáð, að miðinn hefði ekki verið borgaður eða henni verið sýnt það í hlutamiðabókinni.

Í þinghaldi hinn 5. október 1966 voru þeir varastefndi og Baldvin Jónsson samprófaðir um það, hvernig orð hefðu fallið milli þeirra um miða stefnanda daginn, sem dregið var. Kvaðst varastefndi þá muna, að Baldvin hefði spurt hann, hvort miði þessi væri frá tekinn, eftir að hann hafði gluggað í hlutamiðabókina. Hefði hann þá flett umslögum þeim, sem frá tekin voru eftir símasamtali, og séð, að miði þessi var þar ekki með, og svarað Baldvini því. Var varastefndi þá eftir því inntur, hvenær þetta hefði rifjast upp fyrir honum. Svaraði hann því þá til, að hann hefði mikið hugsað um þetta mál, síðan málið hófst, og reynt að glöggva sig á því, sem gerzt hefði. Hefði enginn sérstakur atburður orðið til þess, að þetta rifjaðist upp fyrir honum, en hann héldi sig nú muna, hvað farið hefði milli þeirra Baldvins í Sjóbúðinni þennan umrædda dag.

Stefnandi kom inn í verzlun varastefnda þegar mánudaginn 5. júlí 1965, en það kveðst hún sjálf ekki hafa gert, frá því að hún endurnýjaði umræddan miða til 1. flokks 1965. Stefnandi kveður þetta hafa verið milli klukkan 1700 og 1800. Hafi hún þá spurt konu þá, sem þar sé innanbúðar, hvernig það sé, hvort hún eigi ekki eftir að endurnýja. Hafi afgreiðslustúlkan sagt: „Já, það er víst“ og síðan farið að leita að miðanum. Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvort þar væri um að ræða einn eða tvo flokka. Hafi afgreiðslustúlkan þá komið með miða úr öðrum flokki og sagt: „Hinn er víst fyrir innan hjá Ásgeiri. Farðu og talaðu við hann“. Segir stefnandi, að þá hafi það verið, sem ósköpin hafi dunið yfir. Hafi varastefndi sagt: „Heldurðu ekki, að það hafi komið hæsti vinningurinn á helvítis miðann þinn“. Stefnandi kveðst ekki hafa tekið þessu alvarlega í fyrstu, þar sem hún hafi haldið, að varastefndi væri að gera at í sér, en síðan hafi hún áttað sig á því, að það gæti verið í sambandi við það, sem varastefndi hefði verið búinn að segja rétt áður frammi í búðinni, að

hann hefði orðið fyrir því stærsta áfalli, sem hann hefði nikkurn tíma orðið fyrir. Þá segist stefnandi hafa sagt: „Nú, nú og hvað“. Hafi varastefndi þá komið með bók, sem hann hafi lagt á borðið og sagt: „Þeir tóku bókina, og ég var ekki búinn að punkta inn í hana, og svo tóku þeir bara miðann“. Kveðst stefnandi þá hafa sagt: „Þú veizt það, Ásgeir, að þú hefur alla tíð lofað mér því, að þú skyldir sjá um þetta fyrir mig og ég þyrfti engar áhyggjur að hafa af því“. Þá hafi hann svarað: „Já, ég veit það, en það er bótin, að þú ert nógu rík, og þú hefur ekkert við þetta að gera“. Síðan kveðst stefnandi hafa endurnýjað báða flokkana, 2. og 3. flokk. Hafi hún fengið miðann úr 2. flokki, en varastefndi sagt, að happdrættið hefði tekið hinn. Kveðst stefnandi hafa gert umræddan miða að ársmiða. Enn fremur keypti stefnandi annan ársmiða, sem hún greiddi hins vegar aðeins frá og með 4. flokki.

Í skriflegri aðiljaskýrslu sinni hefur varastefndi skýrt orðrétt á þessa leið frá atvikum í sambandi við komu stefnanda í verzlun hans hinn 5. júlí:

„Ég segi henni, að hún verði nú líklega fyrir vonbrigðum eða áfalli, þar sem kr. 500.000.00 hafi komið á umræddan miða nr. 64280 í 3. fl. og eins og hún hljóti að vita *óendurnýjaður* í II. og III. fl. Þá segir frúin, að dóttir sín eða tengdadóttir hafi verið að fletta í dagblaði og spurt sig, hvort hún ætti ekki ábyggilega miða nr. 64280 í D.A.S., en í blaðinu væri sagt, að hæsti vinningur hefði komið á þetta nr.“

Varastefndi skýrði enn fremur svo frá hér fyrir dómi hinn 10. maí 1966, að stefnandi hefði greitt fyrir 2. og 3. flokk hinn 5. júlí og þá hlotið að hafa fengið miðann í 2. flokki miðað við fyrri skýrslu hans. Svaraði varastefndi því þá til, að miðinn hefði hlotið að hafa orðið eftir hjá honum í umslaginu, en sama umslag-ið sé notað ár eftir ár, eða eins lengi og þau endist. Tók varastefndi í þessu sambandi enn fremur fram, að miði stefnanda hefði ekki verið seldur öðrum, þar sem hann teldi, að hún hefði átt rétt á miðanum og nógir miðar til óseldir. Í sambandi við kaup stefnanda á miða þeim, sem hún samkvæmt framansögðu greiddi frá og með 4. flokki 1964, tók varastefndi fram í þinghaldi hinn 24. júní 1966, að hann hefði orðið var við, fljótlega eftir að stefnandi var farinn, að hann hafði misreiknað sér í óhag. Hins vegar hefði hann látið það kyrrt liggja, þar sem hann hefði ekki viljað ergja stefnanda, sem hefði jafnframt skuldað vegna skipverja, er störfuðu hjá útgerð þeirra hjóna, en hún hefði haft

þann hátt á að greiða fyrir þau viðskipti einhvern tíma á ver-
tíðinni.

Bertína Andrésdóttir hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá í sam-
bandi við síðastgreind atriði, að hana minni, að það hafi verið
fyrri hluta dags, sem stefnandi kom í Sjóbúðina, og að hún muni,
að stefnandi hafi spurt, hvort hún ætti að endurnýja. Hafi hún
þá vísað stefnanda strax inn til varastefnda. Kvaðst Bertína gera
svo, þegar eitthvað sérstakt sé um að vera.

Hinn 7. júlí 1965 fékk stefnandi kunningjakonu sína, Dagmar
Sigurðardóttur, til fylgdar með sér til að rekast í málum út af
skiptum sínum við stefndu í máli þessu. Munu þær hafa farið
fyrir hádegi til viðræðna við varastefnda og að svo búnu haldið
til aðalskrifstofu aðalstefnda, þar sem þær höfðu tal af Baldvini
Jónssyni. Eftir hádegi þennan sama dag mun stefnandi enn hafa
haft tal af varastefnda.

Stefnandi skýrir svo frá, að hún og Dagmar hafi átt tal við
varastefnda fyrir hádegi þann 7. júlí. Hafi varastefndi enn játað,
að hann hefði lofað að sjá um miðann, en þeir hefðu tekið bókina.
Síðan hafi þær farið niður í aðalumboð happdrættisins og haft
tal af Baldvini Jónssyni. Hafi hann sagt, að hreinar línur væru
með það, að happdrættið ætti vinninginn, þar sem hann hefði
spurt varastefnda að því, hvort þessi miði væri í ábyrgð hjá hon-
um, en hann svarað því neitandi. Hafi Baldvin enn fremur haft
við orð að tala betur við varastefnda, en ekki viljað gera það,
meðan þær væru staddar hjá honum. Hafi hann einnig tekið
fram, að nafn hennar væri ekki skrifað í nýju bókina við mið-
ann, bara í þá gömlu. Síðan kveðst stefnandi hafa farið eftir
hádegið aftur niður í Sjóbúð til þess að gera umræddan miða
að ársmiða og enn fremur til að fá kvittun fyrir 3. flokks mið-
anum, sem happdrættið hafði tekið, en stefnandi greitt hinn 5.
júlí. Kveðst stefnandi hafa sagt við varastefnda við þetta tæki-
færi: „Þetta nei, sem þú segir við þá hjá D.A.S., það gildir það,
að D.A.S. er 500.000.00 kr. ríkara, og ég missi af þeim“. Þá hafi
varastefndi svarað: „Ég sagði aldrei nei, þú hefur nú sennilega
fengið vinninginn, ef það hefði verið 10—15. þús. krónur“. Hafi
varastefndi enn fremur sagt, að hann ætlaði að tala við Baldvin.
Kveðst stefnandi loks hafa hringt í varastefnda seint um kvöldið,
þar sem hann hafði ekki hringt sjálfur, og spurt, hvort hann væri
búinn að tala við Baldvin. Hafi varastefndi þá svarað því til, að
hann ætlaði að tala við Auðunn Hermannsson í stað Baldvins, en
síðan hafi hún ekkert frá varastefnda heyrt.

Dagmar Sigurðardóttir, sem fyrr er um getið, hefur komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Hún kveðst hafa farið með stefnanda niður í Sjóbúð, þar sem þær hafi átt tal við Ásgeir. Hafi hann þrástagað á því, að þeir hefðu tekið bókina, en viðurkennt, að hann hefði lofað að sjá um endurnýjun miðans. Síðan hafi þær farið niður í aðalumboð D.A.S. og haft tal af Baldvini Jónssyni. Hafi hann sagst hafa spurt varastefnda að því, hvort miðinn væri í ábyrgð hjá honum, en hann hefði svarað því neitandi. Hafi Baldvin enn fremur sagt, að umboðsmenn hefðu oft miða í ábyrgð hjá sér og að stefnandi hefði fengið vinninginn, ef varastefndi hefði svarað játandi.

Í réttarhaldi hinn 10. maí 1966 sagðist varastefndi ekki minnast þess, að hann hefði lofað stefnanda að sjá um miðann né að hafa viðurkennt það í samtali við hana, sem önnur kona hefði hlustað á, en kannaðist hins vegar við að hafa átt samtalið við stefnanda í viðurvist annarrar konu. Hafði hann í það sinn lofað að tala við Baldvin eða einhvern annan í happdrættinu um þetta mál, aðallega til að friða stefnanda.

Þar sem bæði framkvæmdastjórn og happdrættisráð hins stefnda happdrættis synjuðu stefnanda um greiðslu fyrrgreinds vinnings, höfði hún mál þetta með stefnu, dags. 2. marz 1966, eins og þegar er fram komið.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur aðalstefnda í fyrsta lagi á því, að umboðsmaður aðalstefnda, varastefndi í máli þessu, hafi lofað að sjá um endurnýjun fyrir hana, svo að hún héldi rétti sínum til vinnings, þótt tilskilið gjald væri ekki greitt, fyrr en eftir að dráttur hefði farið fram. Hafi varastefndi og viðurkennt þetta í viðurvist vitnisins Dagmar Sigurðardóttur, enda telur stefnandi, að leggja verði um þetta til grundvallar vætti hennar og skýrar skýrslur stefnanda sjálfrar, þar sem ekkert mark sé takandi á reikandi og mótsagnakenndum framburði varastefnda.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að viðskipti hennar og varastefnda hafi verið með þeim hætti, að hún hafi haft fullkomna ástæðu til að treysta því, að hún nyti réttar til vinnings, sem á miðann félli, þótt endurnýjun drægist eitthvað. Hafi stefnandi og varastefndi þekkt og átt mikil viðskipti um árabíl. Endurnýjun hafi oft dregist í 2—3 mánuði og hafi uppgjör farið fram, án þess að glöggur greinarmunur væri gerður á viðskiptum út af happdrættinu og öðrum viðskiptum. Sé og fram komið, að varastefndi hafi annaqt endurnýjun fyrir ýmsa fasta viðskipta-

menn, en ekki sé á því neinn vafi, að stefnandi hafi verið í þeim hópi. Vísar stefnandi í því sambandi einkum til vottorða þeirra Ástríðar Hannesdóttur og hjónanna Andrésar Finnbogasonar og Þorbjargar Sigurðardóttur og til skýrslna Ástríðar og Andrésar fyrir dómi.

Segir í vottorði Ástríðar m. a., að hún hafi um árabíl átt 2 miða í Happpdrætti D.A.S., umboði í Sjóbúðinni við Grandagarð, og að endurnýjun hafi oftast farið fram eftir á fyrir 2 til 4 mánuði samkvæmt loforði varastefnda og hafi hún við endurnýjun alltaf fengið gömlu miðana utan einu sinni, („síðustu endurnýjun“). Fyrir dómi hefur Ástríður enn fremur skýrt svo frá, að í fyrstu hafi hún staðið í skilum, síðar hafi endurnýjun farið að dragast. Hafi varastefndi þá sagt, að hún mundi fá vinning, sem félli á miðana, er hún hafi spurt hann um það. Hafi hún sjaldnast fengið gömlu miðana, þegar hún endurnýjaði eftir á, en síðustu miðana hafi hún fengið. Hafi endurnýjun þá verið búin að dragast í 4 mánuði. Hafi hún og maður hennar verið búin að vera í siglingu og hafi varastefndi hringt og rukkað um gjald fyrir endurnýjunina, eftir að þau komu heim.

Í vottorði þeirra Andrésar og Þorbjargar segir m. a., að þau hafi um 10 ára skeið átt miða í Happpdrætti D.A.S. Hafi umboðsmaðurinn, varastefndi í máli þessu, sem sé kunningi þeirra, lofað að sjá um endurnýjun miðanna hverju sinni og hafi Andrés eftir atvikum komið tvisvar eða þrisvar á ári og greitt það, sem búið hafi verið að borga þeirra vegna. Hér fyrir dómi hefur Andrés skýrt enn fremur svo frá m. a., að tekið hafi verið fram, að miðarnir skyldu vera í lagi, hvernig sem greiðslur færu fram, og að hann sé þess fullviss, að gömlu miðarnir hafi verið í umboðinu hjá varastefnda, er hann kom til að endurnýja.

Hér fyrir dómi hefur varastefndi tekið fram í sambandi við framburð Andrésar, að samningar hafi verið milli umboðsins og hans um að endurnýja fyrir hann. Hafi sérstaklega verið skrifað utan á umslagið, að það væri frá tekið allt árið. Hins vegar segir varastefndi, að enginn samningur hafi verið milli umboðsins og Ástríðar. Hafi megnasta óreiða verið á endurnýjun hennar, en hún hafi hringt að öllum jafnaði í hverjum mánuði. Hafi hann tekið miðana frá í fyrsta skipti, en í hin skiptin svarað því til, að miðarnir skyldu vera frá teknir, þar til óendurnýjuðu miðarnir yrðu sóttir frá aðalumboðinu.

Telur stefnandi samkvæmt framansögðu ljóst, að tvenns konar háttur hafi verið á um frátekingu miða. Annars vegar hafi það

verið gert með símtali og í öðru lagi hafi það verið gert fyrir fasta viðskiptavini, sem þá hafi ekki þurft að hringja, svo sem stefnandi og fyrrnefndur Andrés. Í samræmi við þetta hafi umræddur miði stefnanda eigi verið sendur aðalumboði fyrir drátt og hafi það verið tekið fram af framkvæmdastjóra stefnda, Baldvini Jónssyni, hér fyrir dómi, að af hálfu aðalstefnda sé á því byggt, að miðar, sem ekki berist aðalumboðinu fyrir drátt, séu í ábyrgð umboðsmanna. Hafi Baldvin um þessi atriði vísað til bróður síns Helga, sem stefnandi telur að hafi átt að gæta þess, að allir óseldir og óendurnýjaðir miðar yrðu sendir aðalumboðinu fyrir drátt. Þegar umboðsmaður hafi þannig tekið ábyrgð á greiðslu miðans, telur stefnandi, að hann sé greiddur. Verði að telja löglíkur fyrir því, að miðar, sem ekki hafi borizt aðalstefnda fyrir drátt, heldur séu áfram hjá umboðsmanni, séu seldir. Sé ella ekkert öryggi fyrir viðskiptamenn og forstjóri aðalstefnda raunar játað sjálfðæmi um það, hvort eigendur miða fái vinn-inginn eða ekki, en engum öðrum sé þar til að dreifa í sambandi við miða þann, sem mál þetta snúist um, öðrum en stefnanda. Komi það raunar beinlínis fram í skýrslum varastefnda. Sé mál-um þannig háttað í raun og veru, að miðinn hafi verið í ábyrgð varastefnda og seldur stefnanda, en Baldvin tekið miðann í heimildarleysi, eftir að dráttur fór fram frá varastefnda, sem í raun og veru hafi aldrei svarað því beint, að miðinn væri ekki frá tekinn.

Enn fremur telur stefnandi, að hún eigi rétt til vinnings þess, sem málið er sprottið út af, þar sem hún hafi fyrirvaralaust og án nokkurra skilyrða fengið að greiða endurnýjun miðans til 2. flokks, sem veiti rétt til að kaupa miða í 3. flokki, og sómuleiðis til 3. flokks. Sé því einnig af þessum ástæðum ekki nokkrum vafa undirorpið, að hún njóti fullkominna réttinda sem eigandi umrædds miða, enda sé hún bæði skráður eigandi í hlutamiðabók og viðurkenndur rétthafi miðans af umboðsmanni aðalstefnda, varastefnda í máli þessu.

Um kröfu sína á hendur varastefnda hefur stefnandi tekið sérstaklega fram, að hann verði að bera ábyrgð á yfirsjónum sínum gagnvart stefnanda, ef rétt sé, að honum hafi orðið þær á og að aðalstefndi beri ekki ábyrgð á þeim.

Kröfum sínum til stuðnings bendir aðalstefndi á, að samkvæmt reglugerð happdrættisins sé það skýlaus regla, að endurnýja verði og greiða hlutamiða fyrir drátt í hverjum flokki, ef viðkomandi eigi að geta öðlazzt rétt til vinnings samkvæmt miðanum, og sé

Þessi regla ítrekuð í áritun á hverjum hlutamiða og með auglýsingum aðalstefnda fyrir drátt í hverjum flokki. Einu undantekningarnar frá þessari afdráttarlausu reglu séu einstaklingsbundnar fyrirgreiðslur, sem byggjast verði á loforði hverju sinni eða sérstökum samningi um, að viðkomandi miði sé tekinn frá allt árið. Telur aðalstefndi með öllu ósannað, að nokkur samningur í þessa átt hafi komizt á milli stefnanda og varastefnda, enda hafi því alltaf verið staðfastlega neitað af varastefnda sjálfum og engin viðhlítandi vætti eða sönnunargögn komið fram um hið gagnstæða. Telur aðalstefndi einsýnt, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti sínum til vinnings fyrir það aðgerðarleysi sitt að láta endurnýjun tvívegis undan falla. Er enn fremur tekið fram af hálfu aðalstefnda, að hvorki veiti það rétt til vinnings, að stefnandi var skráður eigandi umrædds miða, né veiti endurnýjun eftir á nokkurn rétt til vinnings. Að lokum er tekið fram af hálfu aðalstefnda, að aðalstefndi líti svo á, að varastefndi hafi farið út fyrir heimildir sínar, ef svo ólíklega færi, að talið yrði, að varastefndi hefði lofað stefnanda einhverju, og verði samkvæmt því að telja, að þar sé um að ræða persónulegan kunningjasamning stefnanda og varastefnda. Að frátöldum síðastgreindum rökum hefur varastefndi stutt sjónarmið aðalstefnda, og auk þess hefur verið tekið sérstaklega fram af hálfu varastefnda, að hann líti svo á, að stefnandi hafi viðurkennt, að hún ætti engar kröfur á hendur honum, og auk þess, að það geti engan rétt skapað fyrir hana, þótt varastefnda hefðu orðið einhver mistök á í skiptum sínum við aðalstefnda.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 41/1956 um Happraætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefst endurnýjun hlutamiða að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Er skráð á framhlið hvers endurnýjunarmiða, hvenær endurnýjun til næsta flokks skuli fara fram. Í samræmi við þá venju var skráð á miða í 2. flokki 1965, að endurnýjun til 3. flokks færi fram frá 18. júní 1965 til 1. júlí 1965. Með hliðsjón af þessum ákvæðum og þeim almennu skýringarsjónarmiðum um samninga, sem hér þykir eðlilegt að leggja til grundvallar, verður að telja greiðslu endurnýjunargjalds, áður en dráttur í 3. flokki fór fram, hafa verið afdráttarlaust skilyrði þess, að stefnandi gæti öðlazzt rétt á hendur aðalstefnda til vinnings, sem á umræddan miða kynni að falla við drátt í 3. flokki, nema því aðeins að varastefndi eða fyrirsvarsmenn aðalstefnda hefðu með samningi eða með framkomu sinni

á annan hátt heimilað stefnanda óskoraðan rétt til vinnings, þótt endurnýjunargjald væri ekki greitt. Skal þá komið að síðastgreindu atriði.

Af hálfu stefndu hefur verið synjað fyrir, að nokkrir samningar hafi komið á um endurnýjun í þá átt, sem stefnandi heldur fram, og enn fremur vefengt, að stefnandi hafi með nokkru móti mátt ætla, að hún mundi njóta óskoraðs réttar til vinnings, ef vinningur félli á miðann. Stefnandi hefur aftur á móti haldið því fram, svo sem fyrr er að vikið, að varastefndi hafi beinlínis lofað að annazt endurnýjun miða hennar, svo að hún nyti jafnan allra réttinda, sem miðanum gátu fylgt. Er sú staðhæfing stefnanda studd vætti eins vitnis, sem samkvæmt framansögðu hefur borið, að varastefndi hafi gengið við þessu loforði í viðurvist þess og stefnanda. Einnig styður það málstað stefnanda, að framburður varastefnda er um margt óskýr og mótsagnakenndur og einnig af öðrum ástæðum ótraustur, en stefnandi hefur hins vegar reynzt stöðug í framburði sínum. Þá ber og að hafa í huga í þessu sambandi, að umræddur miði stefnanda var ekki kominn á skrifstofu aðalstefnda, er dregið var í 3. flokki 1965, svo sem venja stóð til um óselda og óendurnýjaða miða. Verður þar þó að gefa gaum framburði framkvæmdastjóra hins stefnda happdrættis, Baldvins Jónssonar, á þá leið, að við skilagrein milli aðalstefnda og umboðsmanna hafi þeir fengið að skila þeim miðum, sem höfðu verið skildir eftir hjá þeim og voru að áliti fyrirsvarsmanna aðalstefnda í ábyrgð umboðsmanna, er dregið var, en voru svo ekki greiddir af viðskiptamönnum, og enn fremur framburði Bertínu Andrésdóttur um, að verið geti, að miðar séu skildir eftir í aðalstokknum einu sinni, án þess að hringt hafi verið og beðið um, að þeir yrðu teknir frá, þ. e. þeir séu geymdir óendurnýjaðir einn drátt, en síðan sendir niður í aðalumboð í næsta skipti, ef þá hafi eigi verið greitt. Er ljóst, að skort hefur á æskilegan og sjálfsagðan skýrleika um það, er dregið var í 3. flokki, hvort umræddur miði teldist óendurnýjaður eða ekki. Þrátt fyrir það, sem að framan hefur verið rakið, er ekki útilokað, að hér umræddar mótbárur stefndu fái staðizt, og svo sem sönnunarbyrði er háttað í máli þessu, þykir ekki nægilega sannað, að svo hafi samizt um með stefnanda og varastefnda, að henni skyldi heimilt að greiða endurnýjunargjald, eftir að drætti væri lokið í viðkomandi flokki eða flokkum, án þess að glata við það nokkrum rétti til vinninga í þeim flokkum, sem þannig hafði ekki verið endurnýjað til. Ekki hefur heldur verið nægilega í ljós leitt, að af

hálfu aðalstefnda eða varastefnda hafi á annan hátt verið komið þannig fram, að það veitti stefnanda réttmæta ástæðu að lögum til að ætla, að hún nyti óskoraðs réttar til vinnings, sem á miðann félli, þótt endurnýjunargjald væri ekki greitt, áður en dregið væri. Þá verður heldur ekki fallizt á með stefnanda, að hún hafi öðlazzt rétt til umrædds vinnings, er hún síðar greiddi endurnýjunargjald til 2. og 3. flokks 1965, án þess að í því sambandi væri gerður fyrirvari um nefndan vinning af hálfu stefndu. Af því, sem nú hefur verið rakið, leiðir það í fyrsta lagi, að sýkna ber aðalstefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Í öðru lagi ber einnig af þeim ástæðum, sem þar hafa verið greindar, að sýkna varastefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Happprætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og varastefndi, Ásgeir M. Ásgeirsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Lilju Sigurðardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 40/1967. **Haukur Pétursson**

gegn

Kristjáni Friðsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
